



Grundaskóli
Akranesi



P Ú L S I N N

SKÓLABLAÐ GRUNDASKÓLA
1. töl. - 24. árg. - September 2019

Kveðja frá skólastjóra

Á gætu lesendur Enn eitt árið kemur Púlsinn, skólablað Grundaskóla út og telst þetta vera 25. tbl. í röðinni. Við sem störfum í Grundaskóla erum ánægð með skólann okkar og fjölbreytt skólastarf. Við hvetjum allt skólasamfélagið til að fylgjast með og taka þátt. Þátttaka foreldra í menntun og uppeldi barna skipti sköpum og gott samstarf milli heimilis og skóla skilar miklum árangri.

Árleg útgáfa skólablaðs er mikilvæg því þannig drögum við saman verkefni hvers skólaárs og varðveitum söguna. Öflugt skólastarf er auður hvers samfélags. Grundaskóli er ekki nýr skóli en hann ber aldurinn vel. Skólinn býr við góða aðstöðu og hefur á að skipa frábæru starfsfólki. Starfsfólki sem hefur verið óhrætt að takast á við ný verkefni, leysa mál sem upp koma og bregðast við nýjum kröfum og verkefnum.

Það skiptir alla einstaklinga máli að sækja skóla og njóta góðrar menntunar. Það skiptir máli að hver og einn hugleiði hvaða námsleið hentar og byggja á styrk-



leikum sínum. Það er fyrir löngu sannað að allir geta lært. Þetta er meira spurning um vilja og viðhorf eða eins og segir í söngtextanum: „Hugurinn ber mann hálfu leið, hitt er bara vinna.“

Fyrir nokkru hitti ég ungan mann og spurði hann hvort hann hefði valið framhaldsskóla og hvað hann ætlaði að læra að loknum grunnskóla. Það stóð ekki á svari. Hann sagðist ætla að taka stúdentspróf, fara síðan í viðskiptafræði eða lögfræði eða bara eitthvað sem hann þyrfti „ekki að vinna mikið en hefði rosa gott kaup.“

Einfalt og skýrt en frekar óraunhæft. Ég get lofað ykkur að allir þurfa að vinna og ekkert kemur að sjálfu sér. Dugnaður, heiðarleiki og samviskusemi eru hins vegar dyggðir sem munu skila árangri á öllum sviðum samfélagsins jafnt í einkalífi sem á atvinnumarkaði.

Ég vil hvetja alla til þess að huga að þeim fjölbreyttu námsleiðum sem eru í boði. Huga sjálfstætt og hugleiða vel hvað hentar fyrir hvern og einn. Lengi hefur t.d. verið kallað eftir fleiri iðnaðarmönnum, fólki sem býr yfir skapandi hugsun, vinnu í listgreinum og hönnun, fólki sem hefur áhuga á raungreinum eða forritun og tækni svo eitthvað sé nefnt. Já, vegir liggja til allra átta og um margt spennandi að velja.

Fyrir skömmu kom forsvarsmaður eins helsta sprotafyrirtækis landsins fram og ræddi nýjan vanda sem blasti við á atvinnumarkaði. Það er skortur á félagsfærni eða skortur á samskiptafærni. Að fólk sé að tapa sér í einhverri tækni-neyslu. Að fólk kunni á óteljandi tækninýjungar svo sem smáforrit og snjalltæki en það kann ekki að ræða saman, leita nýrra leiða, skilgreina vanda og finna lausnir.

Þetta eru skilaboð sem við öll þurfum að taka til okkar. Hér er verkefni sem bæði heimilin og skólarnir verða að vinna betur með. Grundaskóli og starfsfólk hans mun leggja sig fram við að fóta sig í upplýsingatækninni og reyna að nýta nýja tækni til framfara í menntun. Við erum þó vel meðvituð um að góð líðan og góð samskiptahæfni eru lykill að velliðan og velgengni.

Gefum okkur betri tíma til að ræða málin saman og styðja hvert annað í lífsins leik.

Með kveðju,
Sigurður Arnar Sigurðsson,
skólastjóri



PÚLSINN

Skólablað

Grundaskóla, Akranesi

Ábm.:

Sigurður Arnar Sigurðsson



Grundaskóli

Akranesi

Heimasíða Grundaskóla:

www.grundaskoli.is

Netfang Grundaskóla:

grundaskoli@akranes.is

Brúum bilið

Samstarf leik- og grunnskólanna á Akranesi undir yfirskriftinni „Brúum bilið“ hefur verið fastur liður í skólastarfinu í mörg ár. Markmiðið með samstarfinu er m.a. að tengja skólastigin saman og skapa meiri samfellu í námi og kennslu nemenda á þessum skólastigum. Með samstarfinu „Brúum bilið“ er byggð upp gagnkvæm þekking og skilningur kennara á hvoru skólastigi fyrir sig sem talið er að stuðli að velliðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla.

Verkefnið hefur verið í stöðugri þróun og í ár var þriggja daga haustskóli dagana 10. – 12. október og vorskóli dagana 19. – 21. mars. Nemendur af elstu deildum leikskólanna komu í

1. bekkur

heimsókn þessa daga í skólann og nemendur í 1. bekk fóru sömu leiðis á sinn gamla leikskóla. Umsjónarkennarar og nemendur í 1. bekk tóku á móti þeim og voru með skipulagðar stöðvar ásamt leikskólakennurum. Einnig var samsöngur og leikjastund einn dagpartinn sem sló í gegn.

Samhliða haust- og vorskólanum voru haldnar tvær söngstundir, önnur í Grundaskóla og hin í Brekkubæjarskóla og dansleikur þar sem allir sungu, dönsuðu og skemmtu sér saman.

Til að ljúka þessu skemmtilega samstarfi hittumst við á

íþróttadegi í Akraneshöllinni. Þar höfðu leikskólakennarar skipulagt stöðvar með ýmsum leikjum sem allir höfðu gaman af.

1. bekkjar sund

Í vor hefur 1. bekkur verið í skólasundi 4x í viku s.l. 5 vikur. Kennslan fór að mestu leyti fram í rennibrautarlauginni í formi leikja og æfinga. Veðrið hefur leikið við okkur og börnin blómstrað. Allir orðnir duglegir að kafa og miklar framfarir í fótatökum. Vonandi verða allir duglegir að æfa sig meira í sumar og koma enn betri til leiks í haust.

Sundkveðjur,

Anna, Áslaug, Erna og Helena.




Heimsókn á Bjarneyjarsand

Það voru 68 hressir krakkar sem fóru einn bjartan og fagan vordag upp í rútu, hress og glöð í bragði. Förlinn var heitið að Bjarneyjarsandi til að heimsækja þar dýr og menn. Bændurnir tóku vel á móti okkur og einnig hundarnir þrír sem dönsuðu í kringum okkur.

Við fengum að fara í fjárhúsin til að skoða litlu lömbin, kindurnar, geitur og kanínur. Þar fengum við öll að halda á litlu lambi. Eftir góða nestispásu og leik fórum við í rannsóknarleiðangur í fjöruna. Þar fundust ýmsir fjársjóðsgripir sem voru rannsakadir í þaula. Frábær ferð í alla staði!

2. bekkur



Akranes - bærinn okkar

H Haustið 2018 byrjuðum við í 3. bekk. Við byrjuðum haustið á að læra um vináttu, þarfir og framkomu.

Þegar líða fór að jólum höfumst við handa við að æfa helgileikinn en það hefur verið hefð í Grundaskóla árum saman að 3. bekkur sjái um að setja jólasöguna á svið. Við sýndum í tveimur hópum og stóðum okkur mjög vel.

Á nýju ári unnu allir nemendur Grundaskóla að þema um Fríðu og Dýrið þar sem unnið var þvert á árganga. Það var mjög fjölbreytt og skemmtilegt. Gaman var að vinna með nemendum á öllum aldri og kynnast öðrum krökkum.

Í febrúar byrjuðum við í Akranesþema sem hefur átt mestan tíma okkar á vorönninni. Við höfum lært ýmislegt um Akranes t.d. um örnefni, byggingar, hvernig Akranes var í gamla daga, fylgdumst með þegar sementskorsteinninn féll og margt fleira. Hluti af þessari vinnu var að fara í

3. bekkur

vinnustaðaheimsóknir til foreldra, þ.e. til þeirra sem höfðu kost á að bjóða í heimsókn. Við fengum boð í nokkur fyrirtæki og stofnanir hér í bæ. Þökkum við þeim öllum fyrir frábærar móttökur! Okkur fannst þetta vera toppurinn í þemavinnu okkar um Akranes.



Í vetur höfum við einnig unnið með hugarfrelsi og slökun tvisvar í viku. Við höldum tvær afmælishátíðir, tókum þátt í Halloween og öskudegi og þá máttum við koma í búningum í skólann. Einnig fengum við jafnaldra okkar í Brekkubæjarskóla í heimsókn og svo mætti lengi telja.

Við erum ánægð með veturinn. Við höfum öll gert okkar besta í námi, leik og vináttu. Hlökkum til að takast á við nýjar áskoranir á nýju skólaári.

Sumarkveðja. Árgangur 2010



Náttúran, sagan og stjórnhættir

Það er búið að vera mikið að gera hjá okkur í vetur. Við höfum lært mikið um Ísland, náttúru landsins, söguna og stjórnhætti. Við enduðum þessa törn á ferð til Reykjavíkur þar sem við heimsóttum Alþingishúsið og Landnámssafnið.

Berta Ellertsdóttir kom og kenndi okkur í 4. bekk að tefla og það fannst okkur skemmtilegt. Við erum búin að vera dugleg að æfa okkur og grípum hvert tækifæri til að taka eina góða skák.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir af okkur frá því í vetur.

Kvedja – árgangur 2009

4. bekkur



Ferð að Eiríksstöðum

Hefð er fyrir því ár hvert að nemendur Grundaskóla læri um ferðir Leifs Eiríkssonar og var það því samfélagsfræðiverkefnið okkar nú í vor. Við höfum unnið mörg verkefni um landnámið, víkingatímann og tíðarandann á Íslandi og sum þeirra hafa verið samþætt við list- og verkgreinar. Í lok skólaárs budum við svo foreldrum að koma og skoða afraksturinn. Við vorum því búin að fræðast heilmikið í skólanum fyrir ferðina.

Það voru spenntir krakkar sem sátu í rútnni að morgni 2. maí, tilbúnir að læra meira um Eirík rauða og Leif og lifnaðarhætti þeirra. Eftir nafnakall var haldið af stað frá Grundaskóla og gekk ferðalagið vel. Fremur kalt var í vedri en allir voru vel klæddir og undirbúnir fyrir það að vera úti allan daginn.

5. bekkur

Þegar við komum að Eiríksstöðum borðuðum við nestið okkar og svo var árganginum skipt í tvo hópa. Annar hópurinn byrjaði á að fara að Stóra- Vatnshorni þar sem Valberg bóndi tók á móti okkur. Alltaf er jafn gott og gaman að koma í heimsókn á þennan bæ. Á bænum eru um það bil 500 kindur þannig að nóg er að gera þegar sauðburður gengur í garð. Fyrri hópurinn sem heimsótti bóndabæinn sá kind bera tveimur lömbum en litlu munaði að seinni hópurinn næði líka að upplifa það.

Sigurbjörg og Reynir tóku á móti hinum hópnum og fræddu hann um Eiríksstaði. Bærinn var byggður árið 2000 í eins nákvæmri eftirgerð upprunalega bæjarins og hægt var. Við fengum að baka

landnámsbrauð yfir eldi, blása í stórt horn, skoða ýmsa muni innandyra, skoða sverð, skildi, hjálma og margt fleira. Það mátti koma við alla hluti og skoða alla hluti en um leið muna að sýna þeim virðingu. Þetta var mjög lærdómsríkt allt og vel tekið á móti okkur að Eiríksstöðum.

Þegar við höfðum borðað hádegisnestið okkar héldum við af stað í Borgarnes þar sem við fórum í sund. Við skemmtum okkur vel í rennibrautunum og heitu pottunum. Að lokum kíktum við aðeins í Skallagrímsgarð sem er beint á móti sundlauginni og borðuðum síðdegisnesti.

Það voru þreyttir en ánægðir krakkar sem héldu heim á leið eftir lærdómsríka og skemmtilega skólaferð.

Kveðja, 5. bekkur.



Sigling um sundin blá

Þriðjudaginn 30.apríl fóru nemendur og kennarar í 6.bekk í vettvangsferð til Reykjavíkur. Ferðinni var heitið í siglingu í boði húsdýragarðsins og Faxaflóahafna. Árgangnum var skipt í tvo hópa og fór annar hópurinn í heimsókn á Hvalasafnið á meðan hinn hópurinn fór í siglingu. Á hvalasafninu fengu nemendur leiðsögn um safnið og fræðslu um þau stóru sjávardýr sem þar var að sjá.



6. bekkur

Á meðan siglt var um Faxaflóasvæðið voru nemendur fræddir um hin ýmsu sjávardýr sem og þær fluglategundir sem þau sáu á ferð sinni um svæðið.

Nemendur voru skólanum og okkur til mikils sóma, voru áhugasöm og dugleg að spyrja og segja frá sinni reynslu.

Þetta var mjög lærdómsrík ferð og ekki skemmdi það fyrir að veðurguðirnir voru okkur hliðhollir þar sem veðrið var hið besta.



Ferð í Reykholt

Nemendur hafa undanfarið verið að vinna með Snorra Sturluson. Þann 14. maí var komið að því að heimsækja Reykholt, heimabyggð Snorra. Þar tók á móti okkur séra Geir Waage og fræddi okkur um svæðið. Nemendur fengu þar tækifæri að láta ljós sitt skína og segja frá því sem þau vissu um Snorra.

Séra Geir fór meðal annars með nemendur í kirkjurnar á svæðinu og við fengum tækifæri til að skoða Snorralaug.

Að þeirri heimsókn lokinni var brunað í Borgarnes og þar fengu nemendur að skola af sér í sundlauginni. Enn og aftur léku veðurguðirnir við okkur þar sem við fengum einn besta dag ársins í þessa ferð.



Fréttir af 7. bekk

Veturinn hjá 7. bekk hefur verið viðburðaríkur og skemmtilegur eins og gjarnan er þegar nemendur koma í 7. bekk. Krakkarnir hafa tekist á við mörg verkefni í vetur og má þar nefna Stóru upplestarkeppnina sem nemendur Grundaskóla og Brekkubæjarskóla tóku þátt í, en lokakeppnin fór fram í Tónbergi og stóðu nemendur sig með mikilli þryði. Krakkar beggja skólanna fóru saman í hina margrómuðu Reykjaskólaferð í byrjun maí. Gekkt ferðin í alla staði vel og heim komu kátir krakkar og kennarar. Í vetur hafa nemendur verið að búa til bók sem nefnd er Óskarveröldin og er það persónuleg bók sem hver og einn býr til um sjálfan sig. Lögð er áhersla á lífsleiknivinnu sem felst m.a. í að hver og einn ber ábyrgð á sjálfum sér, orðum og gjörðum, skoða styrkleika og veikleika, setja sér markmið og huga að eigin geðheilsu.

Danskir gestir

Það er hefð fyrir því á hverju vori að til okkar komi danskir gestir frá Lilleskolen í Odense í Danmörku. Samstarfið byrjaði fyrir 15 árum eða árið 2004. Lilleskolen er einkarekinn, fámennur skóli með um 250 nemendum. Krakkarnir sem koma eru á aldrinum 12-13 ára og eru því á sama aldri og nemendur í 7. bekk á Íslandi. Það eru því krakkar í 7. bekk Grundaskóla sem fá það hlutverk ár hvert að taka á móti dönskum gestum. Í 7. bekk byrja

7. bekkur

krakkarnir að læra dönsku og er því spennandi og skemmtilegt að blanda þessu saman.

Yfir veturinn skrifast krakkarnir á og senda bréf á milli landanna. Krakkarnir eru spenntir að fá bréf og setja sig einnig í samband við hvert annað í gegnum Snapchat og Instagram. Krakkarnir hafa því verið í töluverðu sambandi áður en þeir hittast svo á Íslandi.

Í vor dvöldu dönsku gestirnir hjá okkur frá 8.-12. maí. Til okkar komu 22 nemendur og þrjár kennarar. Hópurinn hafði aðstöðu í Þorpinu fristundamiðstöð líkt og hóparnir hafa gert í gegnum árin frá því samstarfið hófst. Dönsku krakkarnir gista þar fyrstu og síðustu nóttina sem þeir dvelja á Akranesi en einnig hjá fjölskyldum íslensku 7. bekkinganna í þrjár nætur.

Á meðan á dvölinni stóð tókust krakkarnir á við margvísleg viðfangsefni. Þeir fóru í ferð um Borgarfjörðinn þar sem Hraunfossar og Deildartunguhver voru skoðaðir, gengu á Grábrók og fóru í sund í Borgarnesi. Einnig var gengið á Akrafjallið, farið í íþróttaleiki í íþróttahúsinu, oft farið í sund á Jaðarsbökkum og í Guðlaugina og vaðið í sjónum á Langasandinum. Krakkarnir höfðu líka mikinn frjálsan tíma saman og voru einhverjir sem fóru á hestbak, skoðuðu lömb, fóru í ferð til Reykjavíkur og ýmislegt fleira með íslensku fjölskyldunum.

Verkefni sem þetta byggist á samstarfi og velvilja allra sem að því koma eins og foreldra þeirra barna sem taka á móti gestunum og Þorpsins fristundamiðstöð. Við erum þakklát fyrir það samstarf því svona verkefni gefur krökku- num mikið.



Bók um bók

Ívetur las árgangurinn í sam-einingu tvær bækur. Bækurnar voru valdar með það að markmiði að vekja nemendur til umhugsunar um ólíka stöðu fólks í heiminum, horfa inn á við og rækta mannkosti. Strax í haust lás um við bókina, Vertu ósýnilegur – Flóttasaga Ishmaels eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur sem var hluti af stærra verkefni sem bar heitið Mannréttindi. Í bókinni er fjallað um málefni flóttafólks og stöðu þess og viðhorfum gagnvart því. Nemendur höfðu mjög mikinn áhuga á viðfangsefninu en margir höfðu ekki áttað sig á hver staða flóttafólks væri í heiminum og hversu mikil

8. bekkur

áhrif stríð hefur á líf fólks. Margir fóru því að fylgjast með fréttum af stríðsátökunum í Sýrlandi meðfram lestri bókarinnar. Eftir áramót lás um við bókina Undur eftir R. J. Palacio. Sú bók fjallar um fordóma og samskipti og tekur á því hvernig við bregðumst við þeim sem eru á einhvern hátt öðruvísi eða skera sig úr. Í bókinni er mikil áhersla lögð á samskipti og hvernig manneskja maður vill vera, að dæma ekki bókina eftir kápunni.

Verkefni voru liður í því að innleiða kennsluhætti sem miða

áð því að nemendur takist á við verkefni sem tengjast þeirra daglega lífi og hafi þannig tengingu við raunveruleikann. Í þessari vinnu bjuggu nemendur sjálfir til bók um bókina en allflestum verkefnum var safnað saman í hana. Nemendur hönnuðu svo kápu utan um bókina sína sem var ein-kennandi fyrir þema hvorrar bókar.

Bækurnar höfðuðu mjög vel til nemenda þrátt fyrir að viðfangsefni væru gjörólík og krefjandi en þau gáfu mörg tækifæri til lærdóms- og innihaldsríkra samræðna.



Vísindavaka

Ívetur var mikið í gangi hjá nemendum í 9. bekk líkt og undanfarin skólaár. Það sem hefur þó kannski verið einna helst frábrugðið þetta skólaárið eru breyttir kennsluhættir hjá nemendum í unglingsáld. Verkefnavinna vetrarins tók mið af því að flétta námsgreinum mismikið saman en alltaf með það markmið að leiðarljosi að fá nemendur til að bera meiri ábyrgð á eigin námi og um leið gefa þeim tækifæri á að útfæra verkefni sín á fjölbreyttan hátt.

Eitt þessara verkefna var Efnisheimurinn þar sem lögð var áhersla á heim efnafræðinnar. Verkefnið stóð yfir í fjórar vikur og átti hver og einn nemandi t.d. að útbúa sína eigin stunda-töflu. Viðkomandi þurfti m.a. að skrá sig á fyrirlestra, í verklegar kennslustundir, í tjáningu, í sjónvarpshornið og margt fleira. Þá

9. bekkur

áttu nemendur þess kost að skrá sig í lestraradstoð þar sem náms-efnið var lesið með aðstoð kennara og útfært enn frekar. Verkefnið endaði á Vísindavöku þar sem nemendur héldu sýningu með verklegum efnafræðiathugunum þar sem þeir buðu foreldrum og nemendum 7. bekkjar í heimsókn. Þar framkvæmdu nemendur fjölbreyttar samanburðartilraunir þar sem þeir þurftu að fylgja ákveðnu verkferli vísindanna og um leið nýta sér þá þekkingu sem þeir lærðu á leiðinni. Óhætt er að segja að verkefnið hafi heppnast mjög vel þar sem nemendur og kennarar voru sammála um að fyrirkomulag þess hafi verið mjög skemmtilegt, fræðandi og um leið jákvæð þróun í því að fá nemendur til að bera meiri ábyrgð á eigin námi.

*Kær kveðja.
Árgangur 2004.*



Kveðja frá 10. bekk

Nú kveðjum við, árgangur 2003, Grundaskóla eftir 10 glæsileg ár. Undanfarin 10 ár höfum við verið að bralla ýmislegt. Haustið 2009 hittum við okkar fyrstu kennara sem voru Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Margrét Ákadóttir og Eyrún Helga Þorleifsdóttir. Í fyrsta bekk var mikið bras á kennurum og einn bekkur fékk þrjá kennara á einu ári. Það voru þær Margrét Rós Jósefsdóttir sem kom inn fyrir Hildi Karen og síðan Vilborg Helgadóttir fyrir Margréti. Vilborg var síðan með okkur í sjö ár.

Í öðrum bekk gerðum við stóru bókina. Stóra bókina var verkefni sem við unnum að allan veturinn. Bókin var full af lærdómsríkum verkefnum um mannlíkamann og fjölbreyttum verkefnum eftir okkur sjálf. Laufey Jóhannsdóttir kom í stað Margrétar Ákadóttur.

Í þriðja bekk tókum við þátt í helgileikum sem sýndur var

á litlu jólunum. Auk þess tóku kennararnir upp á því að taka smá bekkjarskipti í stuttan tíma sem var skemmtilegt.

Í fjórða bekk komu fyrstu stóru prófin okkar sem voru samræmdu prófin. Síðan fórum við í ferð til Reykjavíkur þar sem okkur var skipt í tvo hópa. Annar hópurinn skoðaði víkingasafn og hinn fór og skoðaði alþingishúsið. Svo var skipt og svo enduðum við á Bessastöðum og borðuðum saman nesti.

Í fimmta bekk komum við á miðstigið. Þar gerðum við bók og dagatal um víkinga og lærðum söguna um Eirík rauða og son hans Leif heppna og enduðum á því að fara á Eiríkstaði þar sem við fengum að sjá hvernig þeir lifðu, smökkuðum miðaldabrauð og prófuðum víkingasverð, skjöld og hjálm. Einnig unnum við kaffistofukeppnina með þemanu „A Christmas Carol“. Við fengum svo

tvo nýja kennara. Það voru þær Valdís Sigurvinsdóttir og Ursula Ragna Ásgrímsdóttir sem komu í stað Laufeyjar og Eyrúnar.

Í sjötta bekk byrjuðum við á gelgjunni. Við fórum í Reykholt og á Erpsstaði og smökkuðum þar ís.

Sjöundi bekkur var skemmtilegur. Við gerðum bók sem heitir Óskaveröldin. Bókin er samsett af verkefnum eftir okkur sem við höfðum unnið allan veturinn. Við fórum einnig í Reykjaskóla í eina viku með Holtaskóla úr Keflavík. Á vordögum fengum við Dani í heimsókn en þeir gistu í heimahúsum nemenda í eina viku. Við fórum með þeim í sund, gönguferðir og fleira.

Í áttunda bekk komum við loksins á unglingsstigið, og var það mjög spennandi en óþægilegt að vera lang minnst á göngunum. Við fengum líka tvo nýja kennara þau Ingibjörgu Haraldsdóttur og





Gunnar Sturlu Hverarsson. Við lærðum líka allt um Hrafnkelssögu.

Í níunda bekk fengum við annan kennara en Valgarður Lyngdal Jónsson kom í stað Ursulu. Einnig fengum við risa tækifæri til að taka þátt í söngleiknum Smelli. Það var risa verkefni, mjög krefjandi en á endanum var það skemmtilegasta verkefni sem við höfðum nokkurn tímann tekið þátt í og enduðum

öll mun þroskaðri eftir það en við vorum fyrir.

Tíundi bekkur, loksins orðin elst í öllum skólanum og mikil vinna framundan og skemmtun. Við fengum annan kennara hana Áslaugu Bertu Guttormsdóttur sem er mögulega hressasta manneskjan í skólanum. Svo er það náttúrulega lokaferðin. Þann 22. maí héldum við af stað í loka-

ferðina í Þórsmörk. Það var frábær ferð þótt dagskráin hafi verið lítil en það var voða þægilegt að hafa ekki stífar reglur svo við máttum nánast gera allt sem okkur datt í hug. Við gerðum samt sem áður nokkra skemmtilega hluti t.d. skoðuðum við Seljalandsfoss, löbbuðum Stakkholtsgjána, fórum í náttúrulega og gufu, gengum upp á Valahnjúk og enduðum síðan á því að fara í River rafting sem var sturlað skemmtilegt og erum við öll sammála um að þetta hafi verið mjög vel heppnuð ferð og mælum við eindregið með henni. Og svo útskrifumst við 4. júní 2019 og þá eru okkar 10 ár á enda hér í Grundaskóla.

Við eigum margar minningar úr Grundaskóla sem við munum sakna verulega. En nú höldum við öll út í lífið annaðhvort í vinnu eða skóla. Takk fyrir okkur.

*Afram gakk.
Fyrir hönd 10. bekkja,
Árni Salvar, Lilja Björg
og Oliver Snær*



Árshátíð Grundaskóla

Árshátíð Grundaskóla hefur verið með svipuðu sniði mörg síðastliðin ár. Þegar við hófumst handa við undirbúning árshátíðar 2019 kom upp sú hugmynd að hrista svolítið upp í hlutunum og prófa að vinna þetta á annan hátt. Það varð úr að við ákváðum í sameiningu að hafa eitt þema og sögu sem náði

yfir öll atriðin. Þórdís Þöll hefur mikla reynslu af svona vinnu í gegnum fimleikafélagið og hún ásamt undirritaðri sáu um að búa til söguramman sem unnið var með. Árgöngunum var því næst úthlutað ákveðnum stað í verkinu og þannig fengu t.d. 1. bekkingar úthlutað Sigga sæta, 2. bekkur Íþróttaalífinn og Sollu stírðu



og svo framvegis. Það var svo í höndum kennara árganganna að útfæra atriðið sitt. Það var mál manna að vel hafi tekist til og að það hafi verið skemmtileg nýjung að árshátíðin væri ein samfelld saga. Við stefnum á að gera þetta aftur á næsta ári og verðum þá reynslunni ríkari.

Katrín Valdís



Boðsundsmót Grunnskólanna 2019

Grundaskóli tók líkt og fyrri ár þátt í Boðsundsmóti Grunnskólanna sem haldið var í Laugardalslaug þann 26. mars. Við sendum tvö lið í keppnina, eitt af unglíngastigi og eitt af miðstigi. Krakkarnir okkar stóðu sig mjög vel og voru til fyrirmyndar á þessu móti. Lið unglíngastigsins lenti í 13. sæti og lið miðstigsins lenti í 2. sæti, frábær árangur hjá þeim.



Hjólað í vinnuna

Frá árinu 2003 hefur Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands staðið myndarlega að því að efla hreyfingu og starfsanda á vinnustöðum með heilsu- og hvatningarverkefninu „Hjólað í vinnuna“.

Meginmarkmið verkefnisins er að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta. Þátttakendur eru hvattir til þess að hjóla, ganga, hlaupa eða nýta almenningsgöngur til og frá vinnu í þrjár vikur í maí ár hvert.

Starfsmenn Grundaskóla hafa ávallt sýnt þessu verkefni mikinn áhuga, tekið virkan þátt og unnið til verðlauna.



Halloween



P
U
S
-
Z
Z



Landsmót barna- og unglíngakóra

Helgina 15. - 17. mars fór TKÍ/Kórís Landsmót barna- og unglíngakóra fram hjá okkur í Grundaskóla, en eldri hópur skólakórs Grundaskóla var gestgjafakór að þessu sinni. Um 250 kórkrakkar, stjórnendur og foreldrar áttu saman skemmtilega daga við söng og leik og óhætt að segja að bæði gestir og gestgjafar

hafi farið heim með fangið fullt af góðri upplifun og minningum þegar móti lauk um miðjan dag á sunnudag.

Mótinu lauk með tónleikum þar sem börnin sungu þau lög sem æfð voru á laugardeginum fyrir fullu húsi og gleðin skein úr hverju andliti.

Heimilisfræði - Val unglíngastig

Eitt af því sem í boði er í vali á unglíngastigi er heimilisfræði. Heimilisfræðin nýtur gríðarlegra vinsælda meðal nemenda og komast færri að en vilja. Það sem við gerum meðal annars í vali að vori er að taka þátt í matreiðslukeppni sem nefnist Meistarakokkurinn. Keppt er tvisvar sinnum, annars vegar baksturskeppni og hinsvegar matreiðslukeppni. Nemendur keppa einir eða í tveggja manna liðum. Þegar liðin hafa valið sér verkefni og æft þau er keppnin sjálf. Við fáum til okkar dómara sem fylgjast með vinnubrögðum, snyrtimennsku og að sjálfsögðu bragða svo á herlegheitunum. Að lokum er síðan eitt lið sem vinnur.

Jólaleikrit 7. bekkjar 2018

Eins lengi og elstu menn muna hefur sjöundi bekkur sett upp jólaleikrit á aðventunni. Þetta er orðinn órjúfanlegur partur af jólaundirbúningi Grundaskóla og býsna skemmtileg hefð.

Undanfarin ár hefur leikritið þó tekið breytingum, það hefur stækkað að umfangi og áhersla lögð á að öllum sem vilja taka þátt standi það til boða. Í vetur var svo ákveðið að allir nemendur myndu taka þátt í verkefninu á einn eða annan hátt. Þetta gafst mjög vel og verður þetta haft að markmiði fyrir næstu jólaleikrit.

Leikritið í vetur tókst mjög vel, nemendur voru áhugasamir og lögðu sig fram um að gera sitt allra besta. Á köflum verður svona vinna erfið og tímafrek en það gleymist allt þegar uppskerunni er fagnað. Allir léku, sungu, dönsuðu eða sinntu öðrum störfum í kringum leikritið eftir bestu getu. Hópurinn eflist mikið við vinnuna og það var afar ánægjulegt að sjá litla og stóra sigra eiga sér stað í ferlinu. Nú er bara að vona að krakkarnir verði duglegir að taka þátt í þeim leiklistarverkefnum sem í boði verða í unglíngadeildinni.

Allir eru góðir í einhverju en enginn í öllu og í verkefni eins og þessu er hægt að finna hlutverk fyrir alla. Auðvitað þurfa ekki allir að leika og syngja en það eru svo mörg skemmtileg og lærdómsrík verkefni í kringum svona leikrit sem þarf að leysa að það ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Að setja upp leikrit er lærdómsríkt og stóru verðlaunin eru að sjálfsögðu að vera partur af hóp sem býr til eitthvað saman, eitthvað sem hægt er að muna eftir, já eitthvað sem tekur mann aðeins út fyrir rammann og mögulega stækkar sjóndeildarhringinn.

Samúel Þorsteinsson

Líf og fjör á vordögum



P
Ü
S
-
Z
Z



Lokadagur „Göngum í skólann”



Þ. Ú. S. - Z. Z.

Malavímarkaður

Fimmtudaginn 29. nóvember fór fram árlegur Malavímarkaður í Grundaskóla. Eins og alltaf, heimsótti okkur mikill fjöldi gesta og mikið fjór var við verslunarborðin og í kaffihúsinu. Við í Grundaskóla erum afar þakklát fyrir góðar viðtökur. Allur ágóði rennur til skólastarfs í Malaví.



Nemendafélag Grundaskóla

Nemendafélag Grundaskóla var samsett af öflugu liði í vetur. Nemendafélagið er skipað af nemendum úr 8.-10. bekk. Auk formanns og varaformanns sem kosnir eru af nemendum skólans. Þetta skólaárið var nemendafélagið skipað Helga Rafni Bergþórssyni, formanni og Lilju Björg Ólafsdóttur, varaformanni.

Auk þeirra voru þau Mirra, Krístrún, Ingibergur, Ingimar, Aldís og Oliver sem voru fulltrúar 10. bekkjar. Fulltrúar 9. bekkjar voru þau Marey, Friðmey, Ingveldur, Jón Gautur, Hrafnkell

Váli og Ástdís María og fulltrúar 8. bekkjar voru þau Björk, Jöel, Hafrún, Ragnheiður, Katrín og Gísli Freyr.

Nemendafélagið vann hörðum höndum til að gera skólaárið hjá nemendum eins skemmtilegt og hægt var. Ný hugmynd var framkvæmd en það var að byrja með langar frímínútur annan hvern föstudag þar sem frímínúturnar voru lengdar um 20 mínútur og voru skipulagðir leikir út í höll í boði nemendafélagsins. Félagið skipulagði ýmislegt fleira eins og bíókvöld, húllum hæ, lokadag

Göngum í skólann, halloween þema, gistinótt, opinn fund fyrir áhugasama, fótoltamót og ýmis böll með Brekkubæjarskóla. Árshátíðin var með breyttu fyrirkomulagi þetta árið og var það ákvörðun skólastjórnar. Nemendur voru allt annað en sáttir með þessa breytingu en ákvörðunin stóð. Árshátíðardagurinn var þannig að snemma um daginn var sameiginlegt húllum hæ með Brekkubæjarskóla og hamborgarar í hádegismat þar á eftir. Um kvöldið var svo snakk á borðunum í staðinn fyrir mat sem nemendur voru ekki sáttir við, síðan var ball.

Annars er nemendafélagið ánægt með sína starfsemi að liðnu ári og vill þakka öllum meðlimum félagsins fyrir að leggja hart að sér í vetur. Einnig viljum við þakka tæknimönnunum fyrir gott starf.



Nærvera

Eftir áramótin byrjaði vélmenni í skólanum, sem við nefnum „Nærveru“. Um er að ræða samstarfsverkefni Grundaskóla og Krabbameinsfélags Akraness og nágrennis.

Krabbameinsfélag Akraness og nágrennis festi kaup á vélmenni sem nefnist „Beam“ á ensku.

Nærvera er vélmenni sem er m.a. hannað til að aðstoða nemendur sem geta ekki sótt skóla vegna langvarandi veikinda. Um er að ræða nýjustu tækni og frumkvöðlastarf í íslenskum

grunnskóla. Nærvera aðstoðar nú einn nemanda í 3ja bekk við skólanámið en viðkomandi getur ekki mætt í skólann vegna krabbameinsmeðferðar.

Tækið virkar á þann hátt að nemandinn getur stjórnað Nærveru frá heimili sínu í gegnum tölvu, látið það ferðast um húsnæði skólans og átt samskipti við nemendur og starfsfólk Grundaskóla í rauntíma. Með tilkomu tækisins getur nemandinn tekið virkari þátt í skólastarfinu.

Skullcrusher

Skullcrusher er þungarokkshljómsveit sem er samsett af félögum í unglingsdeildinni úr 8. og 10. bekk í Grundaskóla. Þeir eru Ingibergur Valgarðsson (trommur), Fannar Björnson (rafmagnsgítar) og Helgi Rafn Bergþórsson (söngur) í 10. bekk og Baldur Bent Vattar Oddsson (bassi) í 8. bekk. Skullcrusher tók þátt í Hátónsbarkanum 2019 en þá byrjaði starfsemi hljómsveitarinnar. Dómnefnd Hátónsbarkans var ekki hrifin af atriðinu sem lenti í 4. sæti. Hljómsveitinn hélt samt áfram að bæta sig og tók þátt í Nótunni sem er uppskeruhátíð tónlistarskóla á Íslandi. Þar fór hljómsveitin í gegnum tvo niðurskurði og var eitt af þremur atriðum Vesturlands til að taka þátt á lokahófi Nótunnar sem var haldið á Akureyri og vann Skullcrusher til verðlauna þar.

Póllandsferð starfsmanna



P
Ú
S
-
Z
Z

Samvinnuverkefni í smíðju og textílmennt í 6. bekk

Á vorönn hefur 6. bekkur unnið með verkefni sem tengjast náttúruvernd. Í textílmennt hafa nemendur saumað margnota taupoka m.a. úr endurnotudum efnum t.d. gömlum ÍA fánum. Í smíðju hafa nemendur búið til slagorð og teiknað myndir sem tengjast umhverfisvernd. Verkefni eru unnin í inkscape forritinu og skorið út í fatafilmu. Fatafilman er að lokum pressuð á taupokana.

